



21. október 2015

Vegna Flóahrepps og sameiginlegra hagsmuna á Suðurlandi.

Samgöngumál:

Sátt varð meðal íbúa Flóahrepps um sameiningu þriggja sveitarfélaga Gaulverjabæjarhrepps Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps árið 2006. Nýja sveitarfélagið, Flóahreppur hefur síðan þá byggt upp bæði grunnskóla og leikskóla. Væntingar voru um samgöngubætur í kjölfar sameiningar og uppbyggingar. Á þessu ári hefur verið unnið gott starf við uppbyggingu hérðaðsvega og heflun þeirra. Ber að þakka það sem vel er gert. Mikið skortir þó á, að allir íbúar sveitarfélagsins njóti jafnræðis varðandi samgöngur. Óskað er eftir auknum framlögum til Vegagerðarinnar á Suðurlandi vegna viðhalds og uppbyggingar á fjölförnum malarvegum. Má þar nefna í Flóahreppi, Hamarsveg, Urriðafossveg, og Öfundarholtsveg. Auk þess sem ennþá er ólokið lagningu slitlags á hluta Villingaholtsvegar frá Ferjunesi að Fljótshólum.

Ferðapjónusta – uppbygging innviða:

Tryggja þarf fjármagn til uppbyggingar innviða til þess að auðveldara sé að taka á móti síauknum straumi ferðamanna. Myndarleg aðkoma Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða gerði Flóahreppi og landeiganda kleyft að bregðast við mikilli aukningu ferðamanna við Urriðafoss og er það vel. Nú er óskað eftir aðstoð við samgöngubætur vegna „Flóðgáttarinnar“ sem er inntaksmannvirki Flóááveitunnar. Þangað liggur akfær leið af „Brúnastaðavegi“ sem þarf aðhlynningu.

Fjarskiptamál

GSM samband er ekki viðunandi, því ennþá eru t.d. kaflar á Suðurlandsvegi þar sem GSM samband er slitrótt, auk annarra staða innan sveitarfélagsins. Bent er á vinnu almannavarna á svæðinu við gerð viðbragðsáætlana og forsendur fyrir því að þær komi að gagni. GSM samband þarf að ná til allra íbúa, gesta í sumarhúsum og vegfarenda, komi til flóða eða annarra náttúruhamfara.

Nettengingar:

Aðgengi að góðum nettengingum er misjafnt eftir svæðum innan sveitarfélagsins. Flóahreppur á hönnun á ljósleiðarakerfi um sveitarfélagið sem unnin er af verkfræðistofu og ljósleiðari liggur nú þegar með Suðurlandsvegi. Fjármagn skortir hins vegar til framkvæmda, en hugsanlega er möguleiki á einhverri kostnaðarþátttöku.

Málefni fatlaðra:

Mikilvægt er að tekin verði til endurskoðunar framlög til málaflokks fatlaðra og sveitarfélögum tryggðir skattstofnar til þess að standa undir uppbyggingu á framtíðarlausnum

í húsnæðismálum fatlaðra á Suðurlandi. Við útreikning á raunkostnaði ársins 2014 fyrir þjónustusvæðið, og samanburði raunkostnaðar við framlag jöfnunarsjóðs + útsvarshlutann, kemur í ljós 120 milljón króna halli og lítur allt út fyrir að gatið verði enn stærra í ár. Á Suðurlandi vantar sértækt húsnæði fyrir fatlaða og uppbygging orðin mjög brýn. Ástæða þess er að það vantar fjármagn bæði í stofnkostnað og rekstur en þjónustuþegum fjölgar.

ART verkefnið á Suðurlandi.

Tryggja þarf framlög til ART verkefnis en engin framlög eru sjáanleg á fjárlögum vegna þess. Meðfylgjandi er bókun Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings vegna ART á Suðurlandi.

„Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings lýsir yfir áhyggjum sínum vegna fyrirhugaðra áætlana ríkisstjórnar um að leggja niður ART verkefnið á Suðurlandi. „ART er vel afmörkuð og árangursrík aðferð sem byggir á félagsfærni, sjálfstjórn og siðferði og miðar að því að draga úr erfiðri hegðun hjá börnum og ungu fólki, ART hjálpar öllum að eiga árangursrík samskipti og þekkja tilfinningar sínar. Rannsóknir sýna að með því að vinna markvisst og samhliða með félagsfærni, sjálfstjórnun og siðferðisþroska er hægt að hjálpa börnum og fullorðnum að bæta samskipti.“ <http://www.sass.is/art/um-ar>“

Verkefnið hefur því mikið forvarnargildi og stuðlar að sparnaði þegar til lengri tíma er litið.

Hjúkrunarrými þjónusta við aldraða:

Stöðugt fjölgar í elstu aldurshópunum og meðalaldur íbúa fer ört hækkandi. Brýnt er að flýta uppbyggingu hjúkrunarrýma sem sveitarfélögin í Árnessýslu hafa sammælt um að verði staðsett á Selfossi. Sótt hefur verið um framlag til uppbyggingar á 60 rýmum. Ekki er ennþá fyrirséð um fjármögnun og brýnt að fylgja málinu eftir.

Raforka til húshitunar:

Hluti Flóahrepps er á „köldu svæði“ og húshitunar kostnaður því hár. Raforkuverð skiptir þess vegna hinn almenna íbúa miklu máli. Flóahreppur fagnar hugmyndum og umræðu um aðstoð við þá sem vilja skipta yfir í ódýrari lausnir. Óskað er eftir að skoðaðar verði niðurgreiðslur á rafhitun skóla og félagsheimila í eigu sveitarfélaga á köldum svæðum.

Þrífösun rafmagns:

Bent er á að þrífösun rafmagns er ekki lokið í sveitarfélaginu og íbúar búa því ekki við jafnræði hvað það varðar. Áhersla er lögð á að aukinn kraftur verði settur í að ljúka verkefninu, og gerðar verði tímasettar áætlanir sem hægt verði að treysta á.

Uppbygging menntunar-og atvinnutækifæra:

Menntun er grundvöllur framfara, eflingar atvinnulífs, hækkaðra meðaltekna og um leið útsvarstekna. Þakka ber stuðning við uppbyggingu verkmenntahúss við Fjölbrautarskóla Suðurlands en jafnframt bent á að mikilvægt er að tryggja góð tengsl Framhaldsskólanna við atvinnulífið á svæðinu. Skólunum þarf að tryggja nægilegt fjármagn til þess að þeir geti þróast í takt við síbreytilegar kröfur atvinnulífsins.

Löggæsla:

Tryggja þarf framlög til þess að efla löggæslu á Suðurlandi. Bent er á að stærstur hluti þeirra 1,2 milljóna ferðamanna sem sækja landið heim fara um og dvelja á Suðurlandi. Stöðugt fjölgar sumarbústöðum bæði í einkaeigu og til útleigu og allt bendir til áframhaldandi fjölgunar ferðamanna.

f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps,

Árni Eiríksson oddviti,

Eydís Þ.Indriðadóttir sveitarstjóri.